

Sp.

837. Fyrirspurn

[487. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað vegna auglýsinga um eigið ágæti, skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar, o.fl.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er orðinn kostnaður ríkisins vegna nokkurra heilsíðuauglýsinga, sem birst hafa í dagblöðum undanfarið, um „ágæti“ núgildandi skattkerfis, meðferð og ráðstöfun opinbers fjár o.fl. á vegum fjármálaráðuneytisins og hversu miklum fjármunum er ætlað að verja í heild í þessu skyni?
2. Var ákvörðun um „auglýsingaherferð“ þessa tekin af ríkisstjórninni í heild eða fjármálaráðherra einum?
3. Var gert ráð fyrir þessum útgjöldum sérstaklega við afgreiðslu fjárlaga og ef svo er hvar sér þess stað?
4. Er þess að vænta að ríkisstjórnin hefji hliðstæðar auglýsinga- eða kynningarherferðir á stefnu sinni í öðrum málaflokkum sem greitt verði fyrir úr ríkissjóði?